



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

LOS ANGELES  
REYKJAVÍK

# HOLLYWOOD REYKJAVÍK



**12. OKTÓBER 2017**

---

# VELKOMIN

## Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

### Áætluð tímalengd:

2 klukkustundir með 20 mínútna hléi.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

### Aðalstyrktaraðili:

**GAMMA**



TÓNLEIKAR Í ELDBORG

# HOLLYWOOD / REYKJAVÍK

Sinfóníuhljómsveit  
Íslands

Richard Kaufman  
hljómsveitarstjóri

EFNISSKRÁ

Richard A. Whiting  
**Hollywood Hotel** (1937)  
Hoorey for Hollywood

Miklós Rózsa  
**Ben Hur** (1959)  
Parade of the Charioteers

John Barry  
**Out of Africa** (1985)  
Flying over Africa

Erich Wolfgang Korngold  
**Robin Hood** (1938)  
March of the Merry Men

Jerry Goldsmith  
**Chinatown** (1974)

Franz Waxman  
**Sunset Boulevard** (1950)

Kenneth J. Alford  
**Bridge on the River Kwai** (1957)  
Colonel Bogey March

Dimitri Tiomkin  
**High Noon** (1952)  
Do not forsake me my darling

Elmer Bernstein  
**The Magnificent Seven** (1960)  
Suite

HÍÉ

Max Steiner  
**Gone with the Wind** (1939)  
Tara - a short tone poem for  
orchestra

Alexander Desplat  
**Monuments Men** (2014)  
Main Theme

Henry Mancini  
**Mancini-syrpa**  
Songs for Audrey

John Williams  
**Superman** (1978)  
Love Theme  
March

**Star Wars**  
Forrest Battle (1983)  
Yoda's Theme (1980)  
Throne Room & End Title (1977)

For information in English about tonight's programme,  
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:  
[en.sinfonia.is](http://en.sinfonia.is)



# RICHARD KAUFMAN

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

**B**andaríski hljómveitarstjórinn og fiðluleikarinn Richard Kaufman hefur um langt árabíl helgað tónlist fyrir kvikmyndir og sjónvarp starfskrafta sína og stjórnað kvikmyndatónlist og sígildri tónlist í tónleikasölum og á hljómplötum. Hann hefur í 26 ár verið aðalstjórnandi léttari tónlistar hjá Orange County Pacific-sinfóníunni og heiðursstjórnandi Dallas-sinfóníunnar í sömu tónlistargrein. Þá stjórnar hann nú, ellefta árið í röð, nýrri og eldri kvikmyndatónlist hjá Chicago-sinfóníunni.

Kaufman kemur víða fram sem gestastjórnandi bæði innan og utan heimalandsins, þar á meðal í Cleveland, San Diego, Indianapolis og Utah - hjá Konunglegu Liverpool-filharmóníunni og Konunglegu skosku þjóðarhljómveitinni svo dæmi séu tekin. Í maí 2015 þreytti hann frumraun sína sem hljómveitarstjóri hjá Boston Pops-hljómveitinni þegar hann hljóp í skarðið fyrir John Williams og árið eftir bauð Williams honum að deila með sér stjórnendapallinum á hinu árlega John Williams-kvikmyndakvöldi í Tanglewood.

Richard Kaufman stjórnar reglulega flutningi á lifandi tónlist á kvikmyndasýningum. Meðal þessara kvikmynda eru *Amadeus*, *E.T.*, *Galdrakarlinn í Oz*, *Casablanca*, *Psycho*, *Fantasia*, *Pirates of the Caribbean 1 og 2*, *Star Trek* sem og *Borgarljós* Chaplins og fleiri þöglar myndir. Á Listahátíðinni í Virginíu 2014 stjórnaði Kaufman heimsfrumflutningi á tónlist Stewarts Copeland við klassísku þöglu myndina um *Ben Hur* frá 1925 og endurtók leikinn m.a. með Chicago-sinfóníunni, Pacific-sinfóníunni og Fílharmóníuhljómveitinni í Luxembourg.

Margir þekktir listamenn hafa notið krafta Kaufmans sem hljómveitarstjóra, þar á meðal Andy Williams, Herb Alpert, James Galway og The Beach Boys. Sem fiðluleikari hefur hann unnið með John Denver, Burt Bacharach og Ray Charles svo nokkrir séu nefndir. Þá hefur hann verið tilnefndur til margra verðlauna, þar á meðal Emmy- og Grammy-verðlauna en þau síðarnefndu hlaut hann árið 1993 í flokknum „Best Pop Instrumental Performance“ fyrir hljóðritun með Sinfóníuhljómveitinni í Nürnberg.

---

# ÖRSTUTT UM KVIKMYNDIRNAR



Kvikmyndin *Hollywood Hotel* fjallar um saxófónleikara í hljómsveit Bennys Goodman sem vinnur hæfileikakeppni og fær að launum tíu vikna samning í kvikmyndaveri. Þar bíða hans að vonum óvæntar og skoplegar uppákomur. Richard A. Whiting (1891–1938) samdi um ævina tónlist fyrir 36 kvikmyndir og var þessi mynd sú næstsidasta í röðinni.



Stórmyndin *Ben Hur* með Charlton Heston í aðalhlutverki var tilnefnd til tólf Óskarsverðlauna og vann ellefu þeirra sem var fordæmalaus árangur. Ein verðlaunanna hlaut Miklós Rózsa fyrir tónlistina sem er fyrirferðamikil í myndinni og stjórnaði hann sjálfur 100 manna hljómsveit í hljóðupptökunum sem tóku samtals 72 klukkustundir.



*Out of Africa* er önnur Óskarsverðlaunamynd sem byggð er á samnefndri bók eftir danska rithöfundinn Karen Blixen þar sem Meryl Streep og Robert Redford eru í aðalhlutverkum. Tónlistina samdi- og stjórnaði breska tónskáldið John Barry og er hún ofarlega á lista Amerísku kvikmyndastofnunarinnar yfir bestu tónlist í bandarískum kvikmyndum.



Kvikmyndin um hetjuna *Hróa bött (Robin Hood)* með Eroll Flynn í aðalhlutverki hlaut fjórar tilnefningar og þrjá bikara á 11. Óskarsverðlaunahátíðinni árið 1938. Einn bikarinn hreppti hinn austurrísk ættaði Erich Wolfgang Korngold fyrir tónlistina. Korngold gerði garðinn frægan í Hollywood en hann er einnig þekktur fyrir óperur sínar og símfóníur.



Í kvikmyndinni *Chinatown* leikur Jack Nicholson einkaspjara sem ráðinn er til að njósna um ótrúan eiginmann en flækist við það í blekkingavef og morðmál. Bandaríska tónskáldið og hljómsveitarstjórinn Jerry Goldsmith gerði tónlistina við þessa skuggalegu kvikmynd en hann samdi tónlist við margar aðrar frægar kvikmyndir, m.a. *Alien* og *Star Trek*-myndirnar.



Leikstjórinn Billy Wilder, leikkonan Gloria Swanson og tónskáldið Franz Waxman hlutu fjölda verðlauna- þar á meðal Golden Globe- og Óskarsverðlaun fyrir sinn þátt í *Sunset Boulevard*. Kvikmyndin fjallar um fyrrverandi drottningu þöglu myndanna sem fær ungan handritshöfund til að skipuleggja endurkomu hennar á hvíta tjaldið en samskipti þeirra enda á versta veg.



Bresk-bandaríska stórmyndin *Brúin yfir Kwai-fljótið (Bridge on the River Kwai)* gerist í Burma í síðari heimsstyrjöldinni og segir frá breskum, bandarískum og kanadískum stríðsföngum Japana og örlögum þeirra. Myndin er margverðlaunuð og fékk breska tónskáldið Malcom Arnold ein af mörgum Óskarsverðlaunum. *Colonel Bogey-marsinn* sem fangarnir blístra í myndinni er þó ekki eftir hann, heldur fenginn að láni hjá landa hans, herlúðrasveitarstjórnandanum Kenneth J. Alford sem samdi marsinn árið 1914.



Í einum frægasta vestra kvikmyndasögunnar *High Noon* leikur Gary Cooper lögreglustjóra í amerískum smábæ, sem einn og óstuddur verður að mæta hópi útlaga og foringja þeirra sem nýsloppinn er úr fangelsi. Titillag myndarinnar *Do not forsake me my darling* náði miklum vinsældum og skapaði fordæmi fyrir tónlist í síðari kúrekamyndum. Samdi úkraínski höfundur lagsins, Dimitri Tiomkin, tónlist fyrir margar þeirra.



Kvikmyndin *Sjö hetjur* eða *The Magnificent Seven* fjallar um kúgaða íbúa í mexíkósku þorpi sem ráða sjö skyttur til að vernda heimili sín. Meðal leikara í glæsilegum leikarahópnum eru Yul Brynner, Steve McQueen, Charles Bronson og James Coburn. Aðsókn að myndinni heima í Bandaríkjunum olli vonbrigðum en vinsældir hennar í Evrópu bættu þau upp. Kvikmyndin skartar 22 lögum eftir tónskáldið Elmer Bernstein en hann samdi tónlist fyrir fjölmargar aðrar kvikmyndir, þar á meðal *The Great Escape*, *To Kill a Mockingbird*, *Airplane!* og *Ghostbusters*.



*Gone with the Wind* er bandarísk bíómynd gerð árið 1939 eftir samnefndri Pulitzerverðlaunasögu Margaretar Mitchell. Sagan gerist í Suðurríkjum Bandaríkjanna á tímum borgarastyrjaldarinnar 1861–65. Max Steiner, sem líkt og Korngold var fæddur í Austurríki, samdi tónlistina. Ameríska kvikmyndastofnunin setur myndina í hóp tíu bestu verka bandarískrar kvikmyndagerðar.



Nýjasta kvikmyndin sem leikið er úr á þessum tónleikum er *Monuments Men* en hún segir frá óárennilegri flokksdeild úr síðari heimsstyrjöldinni sem fær það hlutverk að bjarga fágætum listaverkum úr klóm nasista. Tónlistin í myndinni er eftir franska tónskáldið Alexander Desplat en hann hefur unnið til margra verðlauna á undanförunum árum, þar á meðal Óskarsverðlaun fyrir tónlistina í kvikmyndinni *The Grand Budapest Hotel*, Golden Globe-verðlaunin fyrir *The Painted Veil* og Grammy-verðlaun fyrir *The King's Speech*.



Henry Mancini var bandarískt tónskáld, hljómsveitarstjóri og útsetjari. Hann starfaði um árabil við hlið leikstjórans Blakes Edwards og er þekktastur fyrir tónlistina við *The Pink Panther* og *Breakfast at Tiffany's*. Mancini dáði leikkonuna Audrey Hepburn og skrifaði mörg eftirminnileg lög fyrir hana.



John Williams (f. 1932) er goðsögn í lifanda lífi. Hann hefur á 60 ára löngum og gifturíkum ferli sínum samið tónlist fyrir ríflega 100 kvikmyndir, þar á meðal *Jaws*, *Star Wars*-myndirnar, *E.T.* og fyrstu *Harry Potter*-kvikmyndirnar. Á afrekalista Williams eru meðal annars fimm Óskarsverðlaun, tvenn Emmy- þrenn Golden Globe- og átján Grammy-verðlaun. Á verkalista hans er einnig að finna kammertónlist og sífóníska tónlist. Þá var hann um árabil aðalstjórnandi Boston Pops-hljómsveitarinnar og er í dag heiðursstjórnandi hennar.



Á þessum tónleikum hljómar *Love Theme* og *March* úr fyrstu *Superman*-kvikmynd Warner Bros-kvikmyndafélagsins frá 1978. Þá koma þrjú atriði úr stjórnustríðsmyndunum: *Return of the Jedi-Forrest Battle* úr *Star Wars VI*, *Yoda's Theme* úr *Star Wars V* og lokaatriðið úr *Star Wars IV- Throne Room & End Title*.

Sigurður Ingui Snorrason

FIM 26 OKT 19:30

## OTTENSAMER OG CANELLAKIS



**K**arina Canellakis er ein skærasta stjarnan meðal ungra Hljómsveitarstjóra í dag. Þessi fyrrum lærlingur Simons Rattle hlaut hin virtu Georg Solti-verðlaun árið 2016. Andreas Ottensamer er fyrsti klarínettlemur Berlínarfílharmóníunnar og hafa hljómplakkar hans fyrir Deutsche Grammophon hlotið frábæra dóma. Á tónleikunum leikur hann þrjú verk, líflegan konsert eftir Stamitz og tvö smærri verk eftir Brahms og Amy Beach. Einnig hljómar *Draumur á Jónsmessunótt* eftir Mendelssohn og sínfónía nr. 2 eftir Brahms á tónleikunum.

FIM 02 NOV 20:00

## SINFÓNÍAN Á AIRWAVES



**Á** tónleikum Sínfóníuhljómsveitarinnar á Iceland Airwaves hljóma verk eftir fjögur íslensk tónskáld sem vakið hafa mikla athygli á síðustu árum. Anna Þorvaldsdóttir hlaut Tónskáldaverðlaun Norðurlandaráðs 2012 fyrir verk sitt, *Dreymi*, og bæði Þuríður Jónsdóttir og Hildur Guðnadóttir voru tilnefndar til sömu verðlauna fyrir verkin *Flow and Fusion* og *Undir tekur yfir* sem hljóma á þessum tónleikum. *Aequora* er stemningsríkt verk eftir Mariu Huld Markan Sigfúsdóttur sem var tilnefnt til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem tónverk ársins. Hljómsveitarstjóri er Anna-Maria Helsing.

FIM 09 NOV 19:30

## TORTELIER STJÓRNAR RAKHMANÍNOV



**T**ékkneski hornsnillingurinn Radek Baborak var aðeins 18 ára gamall þegar hann var ráðinn 1. hornleikari Fílharmóníuhljómsveitar Tékklands. Hann gegndi einnig stöðu aðalhornleikara Berlínarfílharmóníunnar en frá árinu 2010 hefur hann helgað sig ferli einleikarans. Hér leikur hann glæsilegan hornkonsert eftir Reinhold Glière sem var kennari Prokofiev og Katsjaturjans. Á tónleikunum hljóma einnig *Sinfónískir dansar* eftir Rakhmanínov og *Námur* eftir Þórð Magnússon, byggðar á ljóði Guðbergs Bergssonar. Hljómsveitarstjóri er Yan Pascal Tortelier.





## Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sigrún Eðvaldsdóttir, 1. konsertmeistari, og systir hennar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, eru hluti af fiðlusveitinni.

**Sigrún:** Auðvitað þykir okkur rosalega vænt um fiðluna en þetta er líka stundum svolítið erfitt samband. Hljóðfærið er oft **harður húsbóndi**. **Sigurlaug:** Einmitt, en samt er gott samband við góða fiðlu eins og gott ástarsamband, það svarar allt svo vel.

Við vitum öll hvað það merkir að stilla saman strengi, en í starfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands er orðtakið notað í bókstaflegri merkingu og í raun er fátt nauðsynlegra. Fagmennska er leiðarstef í öllu starfi hljómsveitarinnar.

Sigrún Eðvaldsdóttir er ástríðufullur tónlistarmaður sem gefur allt í flutninginn á milli þess sem hún leikur angurvært á fiðluna. Sigrún hefur leikið víða um lönd og náð góðum árangri í alþjóðlegum fiðlukeppnum. Eldri systir Sigrúnar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, hefur kennt þeirri yngri allt sem hún kann. Framhaldsnám í fiðluleik

stunduðu þær báðar fyrir vestan haf, Sigurlaug í New York við Manhattan School of Music en Sigrún við hinn sögufræga Curtis-tónlistarháskóla í Philadelphia.

Fiðlan ber oftar en ekki uppi laglínur tónbókmenntanna, getur fengið hárin til að rísa og á hug þeirra systra allan.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

**GAMMA**

[www.gamma.is](http://www.gamma.is)

# SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

12. OKTÓBER 2017

## 1. FÍÐLA

Nicola Lolli  
Vera Panitch  
Una Sveinbjarnardóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Pálína Árnadóttir  
Lin Wei  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Zbigniew Dubik  
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Laufey Sigurðardóttir  
Andrzej Kleina  
Margrét Kristjánsdóttir

## 2. FÍÐLA

Joaquín Páll Palomares  
Rocco Malagoli  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir  
Þórdís Stross  
Gróa Margrét Valdimarsdóttir  
Roland Hartwell  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Ingrid Karlsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Greta Salóme Stefánsdóttir

## VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Kathryn Harrison  
Sarah Buckley  
Þórarinn Már Baldursson  
Ásdís Hildur Runólfssdóttir  
Þóra Margrét Sveinsdóttir

## SELLÓ

Hrafnkell Orri Egilsson  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Júlia Mogensen  
Ólöf Sigursveinsdóttir  
Bryndís Halla Gylfadóttir  
Lovísa Fjeldsted  
Margrét Árnadóttir

## BASSI

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Gunnlaugur Torfi Stefánsson  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson

## FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir  
Melkorka Ólafsdóttir  
Martial Nardeau

## ÓBÓ

Martin Danek  
Daniel Bogorad  
Malin Klingborg

## KLARÍNETT

Grímur Helgason  
Helga Björg Arnardóttir  
Ármann Helgason

## FAGOTT

Michael Kaulartz  
Brjánn Ingason  
Eugénie Ricard

## HORN

Stefán Jón Bernharðsson  
Emil Friðfinnsson  
Joseph Ognibene

Lilja Valdimarsdóttir  
Frank Hammarin

## TROMPET

Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson  
Baldvin Oddsson  
Vilhjálmur Ingi Sigurðsson

## BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson  
Oddur Björnsson  
Carlos Caro Aguilera  
David Bobroff, bassabásúna

## TÚBA

Nimrod Ron

## HARPA

Katie Buckley

## PIÁNÓ

Anna Guðný Guðmundsdóttir

## CELESTA

Valgerður Auður Andrésdóttir

## PÁKUR

Eggert Pálsson

## SLAGVERK

Steeff van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Árni Áskelsson  
Kjartan Guðnason

## GÍTAR

Guðmundur Pétursson

## RAFBASSI

Richard Korn

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómssveitarstjóri*  
Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*  
Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*  
Daniel Bjarnason *staðarlistamaður*

Arna Kristín Einarssdóttir *framkvæmdastjóri*  
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*  
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*  
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*  
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*  
Kristbjörg Clausen *nótta- og skjalavörður*  
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*  
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*  
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*  
Gísli Magnússon *umsjónarmaður nótna*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# SKÓLAKORTIÐ SNILLD Í HVERRI VIKU



Nemendur 25 ára og yngri fá miða á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands samdægurs á 1.700 kr. með Skólakorti Sinfóníunnar. Hægt er að fá miða hvar sem er í salnum eftir því hvað er laust.

Þú sækir um kortið í miðasölu Hörpu eða á [sinfonia.is/skolakort](http://sinfonia.is/skolakort)

## TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

**BÍÓTÓNLEIKAR**  
**26. OG 27. APRÍL 2018**

# AMADEUS AMADEUS

Nú gefst einstakt tækifæri til að upplifa kvikmyndina Amadeus sem sýnd verður í Eldborg og stórfenglega tónlist Mozarts í lifandi flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Mótettukórs Hallgrímskirkju. Ekki missa af þessum stórbrotna viðburði!

**MIÐASALA HAFIN SINFONIA.IS**

Miðasala í Hörpu  
sinfonia.is  
harpa.is  
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :

**GAMMA**